53 til, að því verði eigi skilað aptur, með því að mjöður sá, er flytjist til Íslands, sje alla-
21. febr. jafna blandaður vínanda, enda beri tollreikningarnir með sjer, að mjöður hafi um allt land verið skoðaður sem tollskyld aðflutningsvara.

Út af þessu skal hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstafanar, að tillögur yðar, herra landshöfðingi, eru hjer með samþykktar að öllu leyti.

54 — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* lestagjald. — Að með-
22. des. 1877 teknu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 27. septbr. þ. á., er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að hinni frakknesku stjórn hafa verið goldnar aptur þær 182 kr., er greiddar höfðu verið í Reykjavík fyrir sjóleiðarbrjef handa hinni frakknesku skonnert *Marie,* er hafði árið sem leið fært hinum frakknesku herskipum við Ísland vistföng, og skal eigi undan fellt að bæta því við, að eigi virðist hafa verið nægileg ástæða til að heimta áminnzt gjald, þar sem svo stóð á, að álíta mátti sjálfsagt að eigi mundi verða verzlað með það sem skipið hafði meðferðis, sbr. lög 15. apríl 1854, 4. gr. og dómsmálastjórnarbrjef 24. desbr. 1868, og var að minnsta kosti hægt fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra að hafa augastað á því (sbr. tilskipun 12. febrúar 1872 4. gr.).

55 **Auglýsing.**
20. apríl.

Með því að álíta má, eptir því sem segir í brjefi frá ráðgjafanum fyrir Ísland 2. þ. m., að bólusótt gangi í Holbek á Sjálandi, verður að beita reglunum í lögum 17. desbr. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, við öll skip, er koma þaðan hingað til lands.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 20. apríl 1876.

Hilmar Finsen.

56 — *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* fjárstyrk handa 2 barna-
25. apríl. skólum. — Eptir að jeg hefi meðtekið með heiðruðu brjefi stiptsyfirvaldanna, dags. í gær, bónarbrjef frá forstöðunefnd barnaskólans í Gerðum í Rosmhvalaneshreppi um styrk úr landssjóði handa tjeðum skóla, og þóknanleg ummæli stiptsyfirvaldanna um bónarbrjef það frá Þórarni prófasti Böðvarssyni um sams konar styrk handa alþýðuskólanum í Flensborg við Hafnarfjörð, er jeg sendi stiptsyfirvöldunum með brjefi 16. þ. m., ásamt nauðsynlegum skýrslum um fyrirkomulag þessara skóla og það sem gjört hefur verið í þeim í vetur, hefi jeg af fje því, sem til er tekið í 13. gr. fjárlaganna C 6 fyrir árið 1878, veitt barnaskólanum í Gerðum 200 króna styrk og alþýðuskólanum í Flensborg 300 kr. styrk.

Um leið og jeg læt stiptsyfirvöldunum þetta tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, læt jeg brjefi þessu fylgja ávísanir fyrir ofangreindu fje úr jarðabókarsjóði, og eru stiptsyfirvöldin beðin að koma þeim í hendur hlutaðeigöndum.